

## Sameignarfélagssamningur

1. gr.

Nafn félagsins er **XXXXXXX**  
Heimilisfang þess er **XXXXXX**

2. gr.

Tilgangur félagsins er **hér þarf að lýsa tilgangi félagsins**

3. gr.

Við skráningu í firmaskrá verður félagið **sjálfstæður skattaðili/ósjálfstæður skattaðili (veljið annað hvort)**

4. gr.

Félagsmenn eru:

Nafn:	Kennitala:	Heimilisfang:	Eignarhluti:
XXXX XXXXX	XXXXXX-XXXX	XXXX, XXXX	30%
XXXX XXXXX	XXXXXX-XXXX	XXXX, XXXX	40%
XXXX XXXX	XXXXXX-XXXX	XXXX, XXXX	30%

**Stofnfé er 0 kr.**

**EÐA**

**Stofnfé er XXX.XXX kr. Sérhver félagsmaður skal leggja félaginu til stofnfé í hlutfall við eignarhlut sinn.**

5. gr.

Til að skuldbinda félagið þarf undirritun allra félagsmanna.

6. gr.

Skuldir félagsins ábyrgjast félagsmenn ótakmarkað.

Hlutur eiganda í félaginu verður hvorki tekinn fjárnámi, lögtaki né kyrrsettur til tryggingar skuldum, sem eru félaginu óviðkomandi.

7. gr.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á fundum félagsins.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

Félagsmenn hafa hvor um sig rétt til aðgangs að bókum félagsins og gögnum og gera kannanir á þeim, eftir því sem þeir óska.

Ársreikningur skal gerður eigi síðar en 30. júní ár hvert. Þegar ársreikningur liggur fyrir skal tekin ákvörðun um skiptingu arðs eða taps og annað er snertir framtíðarrekstur félagsins.

9. gr.

Samningi þessum verður eingöngu breytt með samþykki allra félagsmanna og skriflegri undirritun þeirra á nýjan samning.

Samningi þessum getur félagsmaður sagt upp með 1 árs fyrirvara og skal þá sá er eftir verður eignast hlut þess er úr félaginu gekk. Uppsögnin miðast við áramót og skiptast eignir félagsins samkvæmt 4. gr. Sé aðeins einn félagsmaður eftir skal félagið rekið sem einstaklingsrekstur, nema sá er eftir sitji útvegi annan í stað þess er úr félaginu gekk.

Ef félaginu skyldi verða slitið, en til þess þarf samþykki allra félagsmanna, skulu reikningar þess gerðir upp við áramót og eignum þess skipt eins og segir í 4. gr. Eigi félagið þá ekki fyrir skuldum, skal það sem á vantar greitt af félagsmönnum í sömu hlutföllum, jafnskjótt og reikningsskilum er lokið.

10. gr.

Nú deyr annar félagsmanna eða bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og gengur hlutur félagsmanns þá til maka félagsmannsins, nema samkomulag verði um aðra tillögun.

11. gr.

Kostnaður vegna samningsgerðar þessar greiðist úr félagssjóði.

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir þeim héraðsdómi er hefur starfssvæði þar sem lögheimili félagsins er.

Allir félagsmenn staðfesta þennan samning með undirskrift sinni.

Staður – dagur – ár